

REGLUGERÐ**208**

30. nóv.

fyrir vatnsveitu Hellu í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Vatnsveitufélag Hellu hefur einkaleyfi til sölu vatns á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast stjórn félagsins. Skal hún skipuð þrem mönnum og jafnmörgum til vara.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir. Enn fremur lætur vatnsveitan leggja vatnsæðar frá aðalæðum að húsvegg.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituna, skal senda skriflega umsókn þar um.

5. gr.

Skylt er húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki félagsstjórnar og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

6. gr.

Félagsstjórnin getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni, þá getur hún lokað fyrir vatnið, ef með þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef nokkur tök eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík notkun fari fram.

7. gr.

Félagsstjórn er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

8. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi, að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hegningarlögum, auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati félagsstjórnar.

10. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir, samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við.

B 54

Félagsstjórn eða trúnaðarmönnum hennar, er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og viðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er stjórninni heimilt að gera við það á hans kostnað.

11. gr.

12. gr.

Vatnsskatt greiði notendur veitunnar árlega, samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Fyrirtæki, svo sem sláturhús og þvottastöðvar bifreiða, greiði vatnsskatt, sem stjórn vatnsveitunnar ákveður fyrir eitt ár í senn.
- b. Aðrir, sem vatn fá frá veitunni, greiði skattinn af öllum þeim húsum, sem vatn er lagt í, samkvæmt gildandi fasteignamati og sé skatturinn 3% af þeim húsum, sem metin eru allt að 100 000.00 krónum, en af þeim húsum, sem metin eru hærra, sé skatturinn 2%.

Auk þess skal greiða fastagjald, 200.00 krónur, fyrir öll hús, sem fá vatn frá veitunni. Þó skal gjald fyrir gripahús eigi vera hærra en 100 00 krónur.

Bilskúrar og önnur þau smáhús innan lóðartakmarka, sem vatn er lagt í til venjulegra heimilisnota, eru undanþegin vatnsskatti.

Vatnsskattur skal þó aldrei vera lægri en kr. 300.00 fyrir venjuleg íbúðarhús. Séu tvær eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi, skal vatnsskattur fyrir hverja eigi vera lægri en kr. 300.00.

Ofanefnd gjöld getur stjórn vatnsveitufélagsins, sem leggur á skattinn, hækkað eða lækkað árlega um allt að 50%.

13. gr.

Gjalddagi vatnsskattsins skal vera 1. marz ár hvert, nema árið 1960 skal hann vera 1. desember.

14. gr.

Af húsum, sem tengd eru við vatnsveitukerfið eftir gildistöku reglugerðar þessarar, skal greiða tengigjald eða stofngjald 1000.00 krónur. Gjald þetta skal greiddast áður en húsið er tengt við vatnsæð.

15. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu, sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt húsaleigan hafi áður verið ákveðin.

16. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi húseignum, næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem vatnsveitufélag Hellu, Rangárvallasýslu, hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.